

Minnisblað

Til: Bæjarráð Ísafjarðarbæjar
Frá: Axel Rodriguez Överby
Dags. 15. október 2020
Mnr. 2020090095



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - Vegna fyrirspurnar í listans vegna byggingar knatthúss

Á fundi bæjarráðs nr. 1124 þann 5 okt. sl. var lögð fram fyrirspurn frá Í lista vegna byggingar knatthúss í Skutlsfirði. Lagt var upp með 12. spurningar og er þeim svarað í sömu röð.

1. Spurt er um kostnað bæjarsjóðs vegna vinnu við knatthús til 1. sept. Kostnaður við vinnu, s.s. lögfræðiaðstoð, verkfræðiráðgjöf og ráðgjöf Ríkiskaupa er 2.422.332.- kr. og skiptist kostnaður eftirfarandi.

Bókunardags	Lýsing	Staður	Upphæð
31.1.2020	Ríkiskaup/Knattspyrnuhús 20935		80.724
29.2.2020	Ríkiskaup/Knattspyrnuhús 20935		38.157
30.4.2020	Juris slf./Knatthús Torfnesi		46.000
31.5.2020	Juris slf./Knatthús, lögfræðipj. 200270		432.400
31.5.2020	Mannvit hf./Knattspyrnuhús Ísafirði, 3581207		302.600
30.6.2020	Verkís hf./Knatthús Torfnesi 18137001		658.870
30.6.2020	Juris slf./Knatthús, lögfræðipj. 200270		160.713
31.7.2020	Verkís hf./Knatthús Torfnesi 18137001		74.570
31.7.2020	Verkís hf./Knatthús Torfnesi 18137001		89.733
31.8.2020	Verkís hf./Knatthús Torfnesi 18137001		203.090
1.10.2020	Consensa ehf/Famkvæmd, knatthús		335.475
			2.422.332

2. Stendur til að bjóða fulltrúum minnihlutans að sitja þessa fundi. Bæjarstjóri hefur boðað til vinnufunda, vegna knatthúss á Torfnesi, í umboði bæjarráðs með hliðsjón af bókunum á bæjarráðsfundum nr. 1106, 1111 og 1114, þar sem honum hefur verið falið að vinna málið áfram.

Fundur: Bæjarráð - 1106 (18.5.2020) - Fjölnota knattspyrnuhús á Ísafirði

Dags: 18.05.2020

Inngangur: Lagt fram minnisblað Birgis Gunnarssonar, bæjarstjóra, dags. 15. maí 2020, um næstu skref varðandi byggingu knatthúss.

Niðurst.: Lagt fram til kynningar.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að útbúa kostnaðar- og tímaáætlun fyrir verkið og leggja fyrir næsta fund bæjarráðs.

Fundur: Bæjarráð - 1111 (22.6.2020) - Fjölnota knattspyrnuhús á Ísafirði

Dags: 22.06.2020

Inngangur: Lagður fram til kynningar tölvupóstur Jóhanns Birkis Helgasonar, f.h. Verkís, dags. 18. júní 2020, ásamt kostnaðaráætlun vegna byggingu fjölnota knattspyrnuhúss á Ísafirði.

Jafnframt lagður fram tölvupóstur frá Andra Árnasyni, lögmanni, dags. 18. júní 2020, þar sem fram koma upplýsingar vegna fyrirliggjandi sammingsdraga við UAB Hugaas Baltic.

Niðurst.: Lagt fram til kynningar.

Bæjarstjóra falið að vinna málið áfram.

Fundur: Bæjarráð - 1114 (13.7.2020) - Fjölnota knattspyrnuhús á Ísafirði

Dags: 13.07.2020

Inngangur: Lagt fram til kynningar minnisblað Birgis Gunnarssonar, bæjarstjóra, dags. 9. júlí 2020, vegna byggingar fjölnota knattspyrnuhúss á Ísafirði.

Niðurst.: Lagt fram til kynningar og bæjarstjóra falið að vinna málið áfram.

3. Á að kjósa nýja byggingarnefnd ?
Það hefur komið til tals að bjóða verk út að nýju, verði ekki hægt að ganga frá samningsdrögum við norðmenn á grundvelli útboðsgagna. Að svo stöddu hafa norðmenn ekki samþykkt skilmála, sem settir voru fram af hálfu Consensa, fyrir hönd Ísafjarðarbæjar, varðandi tryggingar o.fl. skilmála. Fyrri byggingarnefnd skilaði af sér finni vinnu, hinsvegar má ljóst vera að komi til nýs útboðs, þarf líklega að endurskoða einhverja skilmála fyrri útboðs, s.s. verð og frávik.
4. Hvernig er ákvarðanatöku háttað á þessum fundum
Ákvarðanatöku hefur verið byggð á ráðgjöf bæði Andra hjá Juris og Birgi Erni hjá Consensa, boðað hefur verið til símafunda með þeim og einstök atriði samningsdraga rædd og möguleg áhætta sem fælist í beinum innkaupum. Jafnframt hefur fulltrúi Verkís, setið vinnufundi vegna ráðgjafar við kostnað og hönnun undirstaðna fyrir framkvæmd.
5. Er skrifuð fundargerð
Formleg fundargerð hefur hefur ekki verið rituð í fundargerðarbók.
6. Hver er áætlaður kostnaður bæjarins við verkkaup frá Verkís
Kostnaður Verkís við ráðgjöf er 1.026.263.-kr
7. Hvaða tímalínu er verið að vinna eftir
Upphafleg tímalína verks hefur tekið breytingum, m.a. vegna þess að erfitt hefur verið að fá gögn frá norðmönnum s.s. varðandi útlit, stærð og almenna hönnun mannvirkis. Norðmenn hafa ekki viljað láta gögn af hendi nema að því tilskyldu að samningur sé undirritaður. Tímalína verks miðaði við að stauraniðurrekstur og sökklar yrðu klárir í okt. nóv. viðveru Kellers verktaka sem sáu um stauraniðurrekstur vegna annars verka í Garðabæ.
8. Minnihlutinn óskar eftir öllum gögnum
 - Lögð eru fram eftirfarandi gögn
 - Aðaluppdráttur frá Hugaas dags. 21.04.2020
 - 3. stk. ljósmyndir af vallarsvæði með fyrirhuguðu hús
 - Kostnaðaráætlun Verkís excel (ID 162811)
 - Skýrsla D&B dags. 3. sept 2020
 - Minnisblað Consensa dags. 4. sept.
 - Tölvupóstur Consensa dags. 7. okt 2020
 - Tölvupóstur Verkís m/kostnaðaráætlun dags. 15.09.2020
 - Tölvupóstur Verkís dags. 14.09.2020 undirstöður
 - Samningsdrög frá Norðmönnum dags. 09.06.2020 ásamt fylgiskjöllum
 - Viðauki 1
 - Viðauki 2
 - Ljósabúnaður
 - Salernisbúnaður og loftræsting
9. Fulltrúi minnihlutans óskar eftir að sjá nýja kostnaðaráætlun og þær kröfur sem liggja til grundvallar nýjum samningi, sem er í yfirllestri
Ný kostnaðaráætlun var lögð fram af Verkís í tölvupósti 15.09.2020 excel (ID 162811)
10. Hvaða rök liggja að baki þeirri ákvörðun að handvelja aðila í verkið og fara þannig á svig ráðleggingar lærðra manna?
Eins og fram hefur komið á fyrri stigum þá óskaði Ríkiskaup eftir tilboðum í hönnun og byggingu á fjölnota íþróttahúsi sem áætlað er að reisa við Torfnes. Útboð var formlega auglýst á evrópska efnahagssvæðinu og lauk útboði án tilboðs. Lög um opinber innkaup heimila samningskaup sbr. 39. gr. sé ekki vikið í verulegum atriðum frá upphaflegum skilmálum útboðsgagna.

11. Hvers vegna var þessi aðili fyrir valinu, sem nú er verið að lesa yfir samning eins og fram kemur í gögnum frá Skipulags og mannvirkjanefnd.
Norska félagið Hugaas UAB telur sig geta uppfyllt skilyrði beinna samningskaupa.

12. Óttast meirihlutinn ekki að fá á sig kærur vegna brota á lögum um opinber innkaup?
Áhætta er til staðar í beinum samningskaupum, til þess að lágmarka þá áhættu hefur verið lögð áhersla í viðræðum við norðmenn séu á grundvelli útboðsgagna og að ekki sé vikið frá þeim.